



Gæðastaðall fyrir aðgerðir á einkaskurðstofum bæklunarskurðlækna

1. Skilgreining á einkareknum skurðstofum

Með einkareknum skurðstofum er átt við skurðstofur í sjálfstæðum rekstri, sem ekki eru í tengslum við sjúkrahús.

2. Um starfsemi einkarekinna skurðstofa

Starfsemi einkarekinna skurðstofa er einungis heimil að fengnu rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis sem gefið er út samkvæmt gæðastaðli þessum.

3. Undirbúningur sjúklinga

Bæklunarskurðlæknir skal í samvinnu við svæfingalækni meta alla sjúklinga sem á að taka til aðgerðar. Eftir því sem kostur er skal sjúklingur skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að það sé ósk hans að aðgerðin sé gerð af viðkomandi bæklunarskurðlækni, sbr. tilmæli landlæknis og lög um réttindi sjúklinga.

Við aðgerðir á útlimum skal bæklunarskurðlæknir merkja með vatnspólnu merkibleki réttan útlím áður en deyfing er lögð eða svæfing fer fram.

4. Lágmarks starfslið á skurðstofu

Lágmarks fjöldi starfsfólks á skurðstofu skal vera:

- a) Einn bæklunarskurðlæknir.
- b) Einn svæfingalæknir.
- c) Einn hjúkrunarfræðingur eða sérhæfður starfsmaður.

Tryggja skal fullnægjandi eftirlit sjúklinga, sem eru að vakna eftir svæfingu eða jafna sig eftir deyfingu, af svæfingalækni eða hjúkrunarfræðingi á ábyrgð svæfingalæknis og einnig skal vera tryggt eftirlit bæklunarskurðlæknisins eða hjúkrunarfræðings á ábyrgð hans.

5. Húsnæði og aðbúnaður

Skurðstofur skulu vera hreinar og bjartar og öllum útbúnaði þannig fyrir komið að þrif séu sem auðveldust og öruggust. Handþvottaaðstaða skal vera utan veggja skurðstofu.

Varðandi frágang raflagna og rafbúnaðar vísast til reglna frá Löggildingarstofu; þ.e. EN 60364.

Varðandi frágang gaslagna vísast einnig til reglna frá Löggildingarstofu, gasstaðall SIS, Hb 370 (gamli SPRI staðall 6.1).

Viðurkenndur lofthreinsiútbúnaður með síuútbúnaði skal vera til staðar og skulu loftskipti vera minnst x 12/mín en x 15/mín ef um gerviliðaaðgerðir er að ræða. Brunavarnir skulu vera samkvæmt staðli/úttekt Eldvarneftirlits.

Aðgengi fatlaðra skal tryggt og lyfta vera til staðar, þar sem sjúklingar þurfa að fara á milli hæða.

Fullnægjandi búningsaðstaða starfsfólks skal vera til staðar, sturtur, salerni og læsanlegir skápar.

6. Tækjakostur

Tækjakostur skal miðast við þarfir í hverri aðgerð og skulu einungis notuð almennt, viðurkennd tæki, samkvæmt þeim stöðlum sem við eiga. Sem lágmarks-útbúnað má telja:

1. Loftverkfæri;
 - a) Sagir.
 - b) Borar.
2. Sköfur.
3. Meitlar.
4. Æðatangir.
5. Skafmeitlar af algengustu stærðum og gerðum.
6. Útbúnaður til að gera aðgerðir í blóðtómi.
7. Tæki til innri festingar beina eftir því sem við á.
8. Spelkubúnaður.
9. Gips og útbúnaður til meðferðar með gipsi.
10. Æðabrennslutæki (Diathermi).
11. Sog.
12. Sárahakar.
13. Almenn grunnverkfæri (hamar, afbítarar, "pincettur", skæri, nálalaldarar, hnífar).
14. Röntgenskygging þar sem gerðar eru innri festingar brota, „osteotomiur“, aðgerðir vegna „pseudoarthrosu“ og djúpar deyfingar eða inndælingar lyfja í liði eða annars staðar þar sem nákvæmrar staðsetningar er þörf.

7. Skráning

Allar aðgerðir á að skrá í sérstaka skrá skurðstofunnar. Hver skurðstofa fái sérstakt skráningarnúmer hjá landlækni. Við skráningu komi fram:

- a) Persónuupplýsingar sjúklings.
- b) Dagsetning.
- c) Sjúkdómsgreining og sjúkdómsnúmer samkvæmt alþjóðlegri skrá WHO (ICD X) sem ráðlögð er af Landlæknisembættinu.
- d) Aðgerðarheiti og aðgerðarnúmer.
- e) Nafn bæklunarskurðlæknis og læknanúmer.
- f) Nafn annars skurðlæknis ef við á.
- g) Nafn svæfingarlæknis
- h) Svæfing/gerð deyfingar
- i) Skráningarnúmer skurðstofu

8. Eftirlit með skurðstofunum

Priggja manna nefnd á vegum Landlæknisembættisins skal sjá um eftirlit með einkareknum skurðstofum, nefndin skal skipuð einum lækni frá Skurðlæknafélagi Íslands, öðrum frá Svæfinga- og gjörgæslulæknafélagi Íslands og þriðja aðila frá Landlæknisembættinu.

Framkvæmd eftirlitsins skal hagað þannig að nefndin geri faglega úttekt samkvæmt staðli þessum með vettvangskönnun á nýjum skurðstofum fyrir opnun þeirra og mælir með eða á móti starfsleyfi. Endurnýjun starfsleyfis skal síðan veitt eftir sams konar vettvangskönnun sem framkvæmd verður á tveggja ára fresti. Sé umsögn nefndarinnar neikvæð um tiltekna skurðstofu, hefur Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið úrslitavald um útgáfu eða endurnýjun starfsleyfis hennar.

9. Flokkun aðgerða og fjöldi bæklunarlækna í aðgerð

Aðgerðir eru flokkaðar eftir umfangi og heildarskurðstofutíma samkvæmt gjaldskrá bæklunarlækna skv. samningi við Tryggingastofnun ríkisins.

Við aðgerðir sem samkvæmt gjaldskrá bæklunarlækna flokkast sem:

- minni verk
- flokkur $\frac{3}{4}$ klukkustund,
- flokkur 1 klst,
- flokkur $1 \frac{1}{4}$ klst,
- flokkur $1 \frac{1}{2}$ klst
- og 2 klukkustundir

er miðað við að einn bæklunarskurðlæknir með aðstoð hjúkrunarfræðings eða sérhæfðs starfskrafts sjái um sjálfa aðgerðina.

Í flokki 2 ½ klst og 3 klukkustundir samkvæmt gjaldskrá bæklunarlækna er æskilegt að tveir læknar framkvæmi aðgerð.

10. Tækjabúnaður fyrir liðspeglunaraðgerðir

Við framkvæmd aðgerða gegnum liðspegil þarf sérhæfðan tækjabúnað sem ræðst af eðli og umfangi aðgerðar sem framkvæmd er.

Lágmarks útbúnaður er:

1. Liðspegill með sjónvarpi.
2. Myndprentari eða búnaður til að varðveita myndir stafrænt.
3. Skolvökvadæla með þrýstimælingu/jöfnun.
4. Fræsarar af minnst þrem gerðum.
5. Griptangir.
6. Sérgerðar klippur og /skæri.
7. Mismunandi þreifihakar.

11. Sérhæfðar liðspeglunaraðgerðir

Við sérstakar aðgerðir s.s. krossbandaaðgerðir og Bankart aðgerðir er þörf á sérstökum útbúnaði fyrir slíkar aðgerðir

12. Aðlögunartími fyrir þennan staðal

Kröfur um útbúnað einkaskurðstofa samkvæmt staðli þessum skal fullnægt eigi síðar en 1. janúar 2005.

13. Um endurskoðun staðalsins

Gæðakröfur samkvæmt staðli þessum skal yfirfara og endurskoða á þriggja ára fresti eða oftar, ef þörf er á, frá gildistöku hans 1. janúar 2005.